

Nefnd um atvinnumál

Fundur var haldinn í nefnd um Atvinnumál hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 24. júní 2009 í Ellingsen húsinu, og hófst fundurinn kl. 09:30

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Ragnar Sær Ragnarsson, Ellý Þorsteinsdóttir, Rafn Einarsson, Helga Björg, Lárus R. Haraldsson, Markús H. Guðmundsson, Oddný Sturludóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Gestir: Halldór Berg Ólafsson og Gunnar Níelsson starfsmenn hugmyndahúss háskólanna

Þetta gerðist:

Fundargerðir síðasta fundar lagðar fram og minnisblað yfir atvinnuleysistökur í febrúarmánuði.

1. Hugmyndahús háskólanna

Gunnar Níelsson kynnti tilurð hugmyndahúss háskólanna og fór yfir hugmyndafræði þess. Húsið var opnað í mars sl. en þar eru tengd saman viðskipti, verkfræði og listir en markmiðið er að stofna 50 ný fyrirtæki með a.m.k. 500 manns í atvinnu.

Fyrirtæki valin með það að leiðarljósi að þau geti haft virði af samneyti og samvinnu við hvort annað. Fjárfestar koma af eigin frumkvæði.

Fram kom að hluti fyrirtækjanna væru þegar komin með sjóðsstreymi og mikil áhersla væri lögð á tengslanet, samvinnu og stuðning við aðra íbúa hússins. Einskonar suðupottur þar sem tekið er við hugmyndum og fólki komið af stað.

Í húsinu eru vinnusalur, kaffihús og aðstaða til sýninga. Lágt þjónustustig, ódýr leiga þar sem fyrirtækin hafa aðstöðu í 3 til 9 mánuði.

Á haustmánuðum verður farið af stað með verkefnið fyrirtæki í fóstur þar sem hópur sérfræðinga tekur að sér fyrirtæki og myndar einskonar ráðgjafaráð til þess að styðja við þau í uppbyggingu. Í ráðgjafaráði eru 10 manns auk stuðningsnets sérfræðinga úr háskólasamfélaginu. Sjö til tíu hugmyndir verða að fyrirtækjum.

Áhersla lögð á að fá grasrótina í húsið. Sem dæmi má nefna Reykjavíkurakademíuna, Innovit og Klakið auk fleiri samstarfsaðila.

Þátttakendur á námskeiði í stofnun og rekstri fyrirtækja eru 230.

Vantar starfsfólk í húsvörslu og í móttöku. Þörf á auknu rekstrarfé en 90% þess fer í leigu og laun fárra starfsmanna.

Hugmyndahúsið var sett á stofn áður en háskólunum var gert að skera niður Sóknaðarhópur ríkisstjórnarinnar verður með aðstöðu í húsinu.

2. Staðan í sumarstörfum ungs fólks

Lárus fór yfir fjölda umsækjenda um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg. Þeir sem eru á aldursbilinu 20- 25 ára flestir komnir með vinnu. Ástandið er verra á aldursbilinu 17- 20 ára. Lang flest símtöl frá foreldrum barna sem fædd eru 1992.

Fjármagn sem veitt hefur verið í átaksverkefni eru samtals 96 milljónir.

Lætur nærri að 200 manns hafi atvinnu allt sumarið, þó háð starfssemi fyrirtækja og stofnana. Oftast 6- 8 vikur.

3. Nýjustu tölur um atvinnuleysi í Reykjavík

Umbeðin gögn hafa ekki borist skrifstofu borgarhagfræðings.

4. Tillaga um úttekt á fyrirkomulagi sumarstarfa ungs fólks 13- 18 ára í samvinnu við Vinnuskólann og Hitt Húsið

Málið rætt. Þarf að finna lausnir fyrir þennan hóp.

Brottfall úr skólum og samskipti við framhaldsskóla.

Helga ræddi um atvinnuáttak ungs fólks. Auka þarf fjármagn til verkefnisins.

Óskað eftir að áfangaskýrslan verði send á rafrænu formi.

Fundi slitið kl. 11:00.